



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 17. maí 2021

RMF21060004

2.6.2

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur  
101 REYKJAVÍK

***Umsögn um ósk Golfklúbbs Reykjavíkur um að leigja miðburst Korpúlfsstaða - R21040223***

Með erindi frá Skrifstofu borgarstjórnar þann 28. apríl 2021 var óskað umsagnar menningar- og ferðamálasviðs um þá beiðni Golfklúbbs Reykjavíkur (GR) að leigja miðburst Korpúlfsstaða.

Í erindi GR, sem er ódagsett og beint til borgarráðs, er óskað eftir því að golfklúbburinn fái miðburstina á Korpúlfsstöðum leigða af Reykjavík með það fyrir augum að koma þar fyrir 12 til 15 golfhermum ásamt lítilli veitingaaðstöðu. Golfklúbburinn segist myndu þá taka salinn á leigu í því ástandi sem hann er og kosta þær breytingar sem þyrfti að gera á húsnæðinu og innréttingum.

Vert er að benda á að nú þegar leigir borgin umrætt rými til Rekstrarfélags Sjónlistamiðstöðvar á Korpúlfsstöðum og er Samband Íslenskra myndlistarmanna, SÍM, einn helsti aðilinn að því rekstrarfélagi. SÍM hefur haft stærstan hluta Korpúlfsstaða á leigu undanfarin 25 ár og hefur Reykjavíkurborg gefið eftir hluta leigunnar til að auðvelda aðgengi listamanna að rýminu undir merkjum Sjónlistamiðstöðvar á Korpúlfsstöðum.

SÍM hefur áhuga á því að efla enn frekar menningarstarf í húsnæðinu og auka þar með enn frekar aðgengi að opnum listarýmum í Reykjavík. Til þess þyrfti þó að gera lagfæringar á húsnæðinu, svo sem á Hlöðuloftinu, með tilheyrandi kostnaði. Erindi þess efnis bíður einnig umsagnar menningar- og ferðamálasviðs.

Umsögn menningar- og ferðamálasviðs felst í því að hvetja borgarstjórn til að móta heildstæða stefnu um Korpúlfsstaði svo hægt verði að taka einstakar ákvarðanir í samræmi við þá stefnu. Sé til dæmis vilji borgarinnar að Korpúlfsstaðir verði fyrst og fremst menningarmiðstöð er ekki hægt að sjá að aukin aðstaða fyrir GR í miðju hússins myndi styðja við þá sýn.

Virðingarfyllst

Arna Schram

sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs